

Steinunn Kristjánsdóttir

Vala Gunnarsdóttir

Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Pingeyrar



Reykjavík 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
ÞINGEYRAR	4
KÖNNUNARSKURÐIR 2016.....	4
NIBURSTÖÐUR.....	9
HEIMILDASKRÁ	10
VIÐAUKAR.....	11
1. FUNDASKRÁ	11
2. JARÐLAGASKRÁ.....	14
3. TEIKNINGAR	16
4. LJÓSMYNDASKRÁ	21
5. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	32

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016
Kortlagning klaustra á Íslandi: Þingeyrar
Vettvangsskýrsla XV

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Yfirlitsmynd yfir könnunarskurð 3 á Þingeyrum árið 2016 (ljósm. Helga Jónsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klastrin fjortán sem rekin voru á Íslandi á kapólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárfamlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Rannsóknin á Þingeyrum hófst árið 2014 þegar gerðar voru fjarkannanir á bæjarstæðinu (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 2–3). Um sumarið sama ár voru teknir könnunarskurðir á Trumbsvölum á jörð Þingeyra sem leiddi í ljós byggingar sem voru reistar fyrir og eftir gosið í Heklu árið 1104 (Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014, bls. 6–8). Sumarið 2015 fékkst síðan leyfi til að taka könnunarskurð í bæjarstæðið en á því hvíla friðlýsingar vegna þingstaðarins sem er talinn hafa verið þar. Niðurstöður jarðsjármælinga sem gerðar voru árið 2012 af Fornleifastofnun Íslands og Háskólanum í Vín sýndu í túninu norðan við bæjarstæðið allstóra aflanga byggingu sem lá í austur vestur, með hálfhringlaga viðbyggingu á austurenda. Var þetta túlkað sem kirkja (Coolen, Joris og Mehler, Natascha 2015, bls. 19–22). Grafinn var einn könnunarskurður í þá rúst til þess að skera til um aldur byggingarinnar. Kom í ljós mikill torfveggur og eru miklar líkur á að þar sé komin í ljós klausturkirkjan (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015, bls. 9–12).

Dagana 4. –6. júlí 2016 var aftur farið í vettvangsferð á Þingeyrar til að freista þess að staðsetja klausturhúsin sjálf. Starfsmenn voru fjórir talsins, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Það voru Helga Jónsdóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Scott Riddell og Vala Gunnarsdóttir. Starfsmennirnir sáu um töku könnunarskurðarins, ljósmýndun, skráningu og frágang gagna. Allir eru þeir fornleifafræðingar en að auki er Scott doktorsnemi í umhverfisfræði og Vala er með meistaragráðu í safnafræði.


Höfundar vilja þakka landeigendum á Þingeyrum, Ingimundi Sigfússyni og Valgerði Valsdóttur, fyrir hvatningu, velvild og ómetanlega aðstoð vegna rannsókna á jörð þeirra. Einnig er Stefáni G. Pálssyni gráfumanni þakkað fyrir afar vandaða grófuvinnu.

Pingeyrar

Pingeyraklaustur var formlega stofnað árið 1133 (Gunnar Karlsson 2008; Helgi Þorláksson 2008). Það er yfirleitt talið vera fyrsta klaustrið á Íslandi vegna farsæls reksturs í rúmar fjórar aldir. Þegar það var stofnað hafði einu sinni áður verið gerð tilraun til reksturs klausturs hérlandis og fór hún út um þúfur. Það var á Bæ í Borgarfirði um 100 árum fyrr. Pingeyraklaustur varð mjög auðugt og var það rekið allt til ársins 1551 (Janus Jónsson 1887, bls. 182, 200). Til nánari upplýsinga um sögu Þingeyra er vísað til skýrslu verkefnisins frá vettvangsvinnu þar árið 2015 (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015).

Könnunarskurðir 2016


Veitt var leyfi til þess að taka þrjá könnunarskurði í bæjarstæðið á Þingeyrum sumarið 2016. Ákveðið var að styðjast sem fyrr við niðurstöður jarðsjármælinganna sem framkvæmdar voru



Mynd 1: Fjólubláu línumar sýna útlínur gamla bæjarins samkvæmt korti frá miðri 19. öld. Einnig má sjá útlínur kirkjurústarinnar samkvæmt jarðsjármælingum, sem og könnunarskurðinn sem grafinn var 2015 en hann er auðkenndur með rauðum lit (Kort: © Mehler & Coolen, kortavinnsla og útskýringar: Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir).

af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands og Háskólans í Vín árið 2012. En eins og fyrr segir var grafið í „kirkjulegu“ rústina sem sást á jarðsjármýndinni og var nú freistast til að skoða umhverfis hana og freista þess að staðsetja klausturhúsin (mynd 1).

Könnunarskurður 1 var tekinn um 30 m norðaustan við minningarmörkin sem standa í miðju túninu, þar sem virðist vera kirkjugarðsveggur á jarðsjármýndinni (mynd 2). Ákveðið var að reyna að láta skurðinn ná yfir vegginn en einnig svæði utan við hann. Þar fannst viðnám við jarðsjármælingarnar og virtist það mynda ferhyrnda byggingu. Skurðurinn var 2 x 2 m á stærð. Torf (J2) birtist á um 20–30 cm dýpi og lá það í A-V. Þegar grafið var dýpra sást torfið nærri miðju skurðarins og var um 40 cm á breidd. Gjóskusýni úr torfinu var greint úr Heklu 1104 og önnur sem virtist vera úr forsögulega Heklugosinu H3 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1) og því ljóst að veggurinn var hlaðinn eftir þann tíma. Enga gjósku var að finna *in situ* yfir veggnum. Virðist sem að hvíta gjóskulagið liggi nánast óslitið undir veggnum en þó örlítið raskað.



Mynd 2: Könnunarskurðirnir sem grafnir voru sumarið 2015 og 2016.

Í vesturhluta skurðarins á um 60cm dýpi kom síðan í ljós móaska og aska (J3). Í þessu lagi fannst rifbein úr dýri og viðarkol. Ákveðið var að senda rifbeinið til kolefnisaldursgreiningar (Sýni 2016-14-2) til þess að reyna að aldursgreina rústina frekar. Beinið var aldursgreint 1045–1095 og 1120–1220 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir

2016, bls. 5, 10–19). Er aldur beinsins því í samræmi við væntingar og virðist veggurinn hafa verið reistur skömmu eftir 1104, en það passar einnig við aldur klaustursins.

Veggurinn líkist einnig mjög þeim vegg sem fannst sumarið 2015, þ.e. sá sem talinn er vera úr klausturkirkjunni og þeir innihalda sömu gjóskulögin. Torfveggurinn sem fannst nú lá þó nær yfirborði en kirkjuveggurinn. Hann fannst á um 1m dýpi. Kirkjugarðsveggurinn var auk þess allt að 50cm á þykkt en kirkjuveggurinn rúmlega einn metri. Virðist sem að jarðrask á staðnum hafi skemmt efri hluta torfveggjarins sem fannst að þessu sinni.

Þar sem að könnunarskurður 1 virtist ekki gefa sterkar vísbendingar um að klausturhúsin væru norðan við klausturkirkjuna var ákveðið að taka fleiri skurði. Könnunarskurður 2 var þess vegna tekinn tæpa 5 m vestan við minningarmörkin (mynd 2). Átti skurðurinn að skera úr um hvort að veggurinn sem grafið var í og sást á jarðsjármynnum væri í raun kirkjugarðsveggur en yngri kirkjugarður á Þingeyrum mun ekki hafa náð svo langt út á túnið. Byrjað var á því að taka 1x1 m stóran skurð. Moldin undir grásrótinni var malarblönduð og nokkur brotin mannabein komu upp. Á um 1,20 m dýpi kom í ljós þunn torfflyksa og fleiri mannabein. Torfflyksan var lítil en vakti upp spurningu um hvort gröf hefði verið tekin í gegnum torfvegg. Í suður enda var síðan grafinn fram lærleggur og mjáðmagrind úr manni og á um 1,27 m dýpi sást í líkkistu. Ekki voru augljósar grafarfyllingar á þessu svæði en í þessum skurði komu engu að síður upp tveir lærleggir af misstórum einstaklingum ásamt öðrum beinum.

Ákveðið var að stækka skurð 2 til að athuga hvort að meira torf leyndist þar en á jarðsjármynnum mátti sjá þar einhverskonar viðnám. Leyfi fékkst frá minjaverði að „slíta skurðinn í sundur“ og var könnunarskurður 2A tekinn 50 cm vestan við könnunarskurð 2 en með því var verið að reyna að forðast að opna grafirnar sem komið var niður á í honum. Var hann einnig 1x1 m á stærð. Komið var niður á grafarfyllingar með blönduðum mannabeinum. Á 60 cm dýpi í NV-horni skurðarins var svo komið niður á allstóra torfflyksu. Á 1,20 m dýpi var loks komið niður á kistu en aðeins sást rétt í endann á henni. Virðist þetta vera sama gröf og sást í skurði 2 og undir henni gjóskulagið úr Heklugosinu árið 1104. Grafið var enn dýpra og komu þá upp fleiri mannabein sem voru úr samhengi. Á um 1,60–1,70 m dýpi kom síðan upp neðri kjálki af stálpuðu barni. Bútur úr líkkistu fannst einnig og kistunagli. Á sama dýpi sást í N-sniði örlítið torf og kol. Á um 1,90 m dýpi komu úr V-sniði tveir lærleggir og virtust þeir tilheyra sama manninum. Nokkuð stór vaðmálsbútur, sennilega sokkur, fannst undir þessum lærleggsbeinum.

Fleiri mannabein komu upp sem gætu tilheyrt lærleggjunum en á sama dýpi fannst einnig brennt dýrabein. Þá var jafnframt komið niður á kistuleifar á þessu sama dýpi. Undir þeim var malarlag og var þar með hætt að grafa í þessum skurði sem náði niður á 1,90 m dýpi. Sýni úr lærlegg (sýni 2016-14-18) ásamt bút úr textílnum (sýni 2016-14-23) sem tilheyrði einstaklingnum voru send til kolefnisaldursgreiningar. En voru þau valin vegna þess að torfleifar voru í fyllingu grafarinnar líkt og að þar hafi verið grafið í gegnum eldri vegg sem kominn var úr notkun. Mannabeinið var aldursgreint 1665–1710, 1720–1890 og 1910–post 1950. Textíllinn sem fannst undir lærleggnum var svo aldursgreindur 1690–1730, 1810–1920, Post 1950 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 5, 10–19). Sýnin tvö virðast því nokkuð samtíða, en hægt var að búast við því að textíllinn væri eldri, þ.e. að einstaklingurinn í gröfinni gæti verið í gamalli flík. Aldursgreiningin var í samræmi við væntingar en líklegast þótti að gröfin væri frá síðmiðöldum og er því ljóst að torfleifarnar í fyllingunni eru eldri en það.

Leyfi fékkst aftur hjá minjaverði að „klippa skurðinn“ á ný og var könnunarskurður 2B tekinn um 4 metra í vestur frá 2A. Hann var 2 x 1 m á stærð. Á 40 cm dýpi kom í ljós torf í S-V horni hans en í NV horninu birtist skellóttur jarðvegur sem líktist grafarfyllingu. Virtist hún skera N-endann af torfinu. Nokkru austar skar önnur gröf torfið og líka fyrri gröfina sem fannst í þessum skurði. Hvíta gjóskan sem er líklega úr Heklugosinu árið 1104 og önnur gulleit sem líklega er úr forsögulega Heklugosinu (H3) var í torfinu. Að auki var dökk gjóska í torfinu, en voru upptök hennar óviss en kom þó ekki úr Kötlu (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1). Á um 70 cm dýpi kom í ljós lærleggur og eftir það heilleg beinagrind. Því miður náðist aðeins neðri hluti hennar í könnunarskurðinum, ca. fyrir neðan mitti. Stækka hefði þurft skurðinn til þess að ná henni allri. Gröfin var kistulaus og var tekin í gegnum torfvegginn sem sást í vestur endanum. Einstaklingurinn í gröfinni var með krosslagðar fætur við öxla og sennilega krosslagðar hendur yfir brjóstkassa af því að það sást glitta í olnbogana í sniðinu. Eitt bein úr gröfinni var sent í aldursgreiningu (2016-14-24) en gröfin skar greinilega torfvegginn sem virtist liggja í austur vestur. Beinið var aldursgreint 1435–1510 og 1600–1615 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 5, 10–19). Gröfin gæti því verið frá klausturtíma eða stuttu eftir að klastrinu var lokað. Undir gröfinni virtist vera dökk gjóska in situ, var hún greind sem tilfokin, súr Heklugjóska (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1).

Í austur enda skurðarins mátti einnig sjá torfvegg á um 70-90 cm dýpi og gæti þetta því verið sami veggur og sást í V-sniði, þ.e. sá sem raskað var við töku grafa. Í vestur

endanum, undir torfveggnum, birtist önnur grafarfylling en óljóst þó. Ef til vill er veggurinn yngri en gröfin eða þá var gröf tekin inn í vegginn. Hins vegar fundust engin mannabein í þessari fyllingu en aftur á móti var í henni móaska.

Í norður sniði komu í ljós kistuleifar sem tilheyrdú annarri gröf og einnig nokkur stök mannabein og hluti af beinagrind af mjög ungu barni. Erfitt var að átta sig á samhenginu vegna þess að beinin fundust í sniði skurðarins og ekki hægt að sjá útlínur grafarinnar. Ljóst er þó að barnið var jarðað til fóta hjá fullorðna einstaklingnum, hefur ef til vill verið grafið ofan í aðra gröf eða sett í kistuna. Ákveðið var að senda eitt bein úr barnsbeinagrindinni í kolefnisaldursgreiningu (2016-14-34). Beinið var aldursgreint til tímabilsins 1445–1530 og 1545–1635 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 5, 10–19). Eru það því svipaðar niðurstöður og úr gröf 1 og gætu verið frá klausturtíð eða stuttu eftir lokun þess. Grafið var dýpra og komu þá upp nokkur stök bein, t.d. höfuðkúpa. Hún lá ofan í sendnu malarlagi neðst í skurðinum. Ákveðið var að senda tönn úr henni í aldursgreiningu (2016-14-46) og voru niðurstöðurnar 1470–1650 og því nokkuð samtíða hinum einstaklingunum (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 5, 10–19). Grafirnar í þessum könnunarskurðum gætu því verið allt frá klausturtíma fram á síðmiðaldir.



Mynd 3. Stefán gröfumaður skoðar hleðslurnar sem vatnið kom úr (Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Könnunarskurður 3 var síðan tekinn nærrí gamla bænum. Með honum átti að reyna að skera úr um hvort að klausturhúsin gætu hafa staðið sunnan megin við kirkjuna en ekki í túninu norðan við hana (mynd 2). Bærinn stóð í það minnsta í þrjár aldir, jafnvel lengur, á þessum

stað og var reynt af fremsta megni að forðast það svæði sem hann kann að hafa náð yfir. Að auki þurfti að varast að grafa í gegnum vatns- og rafmagnslagnir sem báðar lágu þar nærri. Skurðurinn var 2 x 2 m á stærð. Efstu löggin voru grafin með vélgröfu en fljótlega kom í ljós mikið af grjóti sem virtist hafa verið rutt á staðinn. Koladreif var í jarðveginum og á um 40 cm dýpi kom að því er virtist í ljós gólfag. Á sama dýpi fannst múnsteinn en vitað er að á 18. öld voru mörg hús á Þingeyrum byggð úr múnsteini og stóðu sumir múnsteinsveggir lengi. Stórar brunnar spýtur komu síðan upp í suðurenda skurðarins á um 1.1 m dýpi. Þarna kann að hafa staðið bygging sem rústin af var notuð fyrir öskuhaug.

Neðar tók við dekkra, illa lyktandi, fitugt lag, einkum í norður enda og að miðju skurðar. Þá fór vatn að streyma út úr sniðinu og var hlé gert á greftinum þar. Ákveðið var svo að grafa dýpra með vélgröfunni til þess að athuga hvaðan vatnið kom. Í norðursniði kom þá í ljós hleðsla sem vatnið rann um. Undir henni var ljós gjóska og var sýni tekið af henni. Önnur dekkri gjóska kom í ljós enn neðar, einnig óhreyfð, en hún var talin vera frá úr Kötlugosi árið 1000. Gjóskulagagreining sýndi að gjóska 2016-14-52 var mjög finkorna, illa aðgreind og gæti verið Kötlugjóska. Gjóskusýni 2016-14-54 var súr aska, fremur gróf úr Heklu (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1). Undir gjóskulögunum komu síðan í ljós mjög illa varðveisitt dýrabein og stoðarholu í botninum. Mjög erfitt var að vinna í skurðinum sökum vatnsins sem streymdi stöðugt í hann. Þegar mokað var aftur ofan í hann fannst vel varðveisitt vaðmálsstykki og var bútur úr því sent til kolefnisaldursgreininga (2016-14-47). Búturinn var aldursgreindur 1295–1370 og 1380–1415 og er því frá klausturtíð (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 6, 11 og 19).

Niðurstöður

Jarðsjármælingar á Þingeyrum benda til þess að miklar minjar séu í jörðu norður af bæjarhúsatorfunni þar. Þá benda heimildir til þess að bærinn hafi staðið um það bil á þeim stað sem hann er nú, hugsanlega allt frá siðaskiptum um 1550. Könnunin sem fram fór sumarið 2015 bendir ennfremur til þess að klausturkirkjan hafi staðið um 30 metrum norðan við bæjarstæðið en rúst sem fannst í könnunarskurði þar er frá klausturtíma.

Sumarið 2016 var þess freistað að kanna rústirnar frekar. Um leið var vonast til að hægt að segja til um hvort klausturhúsin á Þingeyrum hafi staðið sunnan við kirkju eða norðan við hana en gera má ráð fyrir að þessar tvær húsaeininger hafi myndað eina heild. Þrír könnunarskurðir voru teknir í þessu skyni; þann fyrsta í ætlaðan kirkjugarðsvegg nyrst í túninu, næsta við minningarmörkin og þann þriðja á gamla bæjarstæðinu. Staðsetning þeirra

tók mið af því sem fram kom í jarðsjánni árið 2012 en einnig var horft til niðurstaðna úr heimildaleit.

Niðurstöður eru þær helstar að ekki tókst að skera með vissu úr um hvar klausturhúsin stóðu, einkum vegna þess hve túnið norðan við bæjarstæðið er raskað af gröfum. Engu að síður komu þar í ljós torfflyksur á nokkrum stöðum en það bendir til rústa af byggingum. Aldursgreining á gröfum sem tekna voru í eða í gegnum torfveggina sýna að byggingarnar eru frá klausturtíð eða eldri. Þá fannst torfveggur, mögulega kirkjugarðsveggur, sem virðist samtíða klausturkirkjunni sem fannst sumarið 2015. Loks er greinilegt að mikið rask er á bæjarstæðinu vegna ábúðar þar um langt skeið en vatnið og hleðslan þarfast frekari skoðunar. Mjög djúpt er niður á grunnvatn á staðnum og því kunna þessar hleðslur að vera leifar gleymdra vatnsveitulagna.

Heimildaskrá

Coolen, Joris og Mehler, Natascha (2015). Surveying the assembly site and churches of Þingeyrar. *Archaeologia Islandica* 11, bls. 11–32.

Gunnar Karlsson (2008). Stofnár Þingeyraklausturs. *Saga* 46 (1), bls. 159–167

Helgi Þorláksson (2008). Þorgils á Þingeyrum. Um upphaf Þingeyraklausturs. *Saga* 46 (1), bls. 168–180.

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174–265.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2016). *Klausturrannsóknir 2016. Gjóskulagagreining*. Sótt af slóðinni: https://notendur.hi.is//~sjk/GOS_2016.pdf

Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klaustur á Íslandi. Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*. Sótt af slóðinni:

https://notendur.hi.is//~sjk/RADAR_2014.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar-Trumbsvalir*. Vettvangsskýrsla VII. Sótt af slóðinni:
https://notendur.hi.is//~sjk/THING_2014.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016b). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreininga II*. Vettvangsskýrsla XXII.
https://notendur.hi.is//~sjk/KOL_II.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla VIII. Sótt af slóðinni:
https://notendur.hi.is//~sjk/THING_2015.pdf

Viðaukar

1. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði T.lag	J -lag	Skráð af	Ath.
4.7.2016	2016-14-1	Brennd bein (2)	bein	TP1	J3	VG/HJ	
4.7.2016	2016-14-2	Rifbein	bein	TP1	J3	VG/HJ	senda í kolefnisaldursgreiningu.
4.7.2016	2016-14-3	Slóg úr kindahorni	Dýra-bein	TP1	J2	VG/HJ	
4.7.2016	2016-14-4	Dýrabein	bein	TP1	J3	VG/HJ	bein úr S-prófil
4.7.2016	2016-14-5	bein	bein	TP1	J2/J3	VG/HJ	lá rétt f. ofan 1104 gjóskulag
4.7.2016	2016-14-6	Gjóskusýni	gjóska	TP1		VG/HJ	í vestursniði, úr torfi, hvít gjóska, H1104?
4.7.2016	2016-14-7	Gjóskusýni	gjóska	TP1		VG/HJ	Gjóska úr torfi, í vestursniði, á 60 cm dýpi
4.7.2016	2016-14-8	Mannabein	bein	TP2		VG/HJ	
4.7.2016	2016-14-9	Mannabein	bein	TP2		VG/HJ	samansafn
4.7.2016	2016-14-10	Mannabein	bein	TP2		VG/HJ	lærleggir
5.7.2016	2016-14-11	Mannabein	bein	TP2a		VG/HJ	í fyllingu-samansafn af beinum á 120 cm d.
5.7.2016	2016-14-12	Jarðvegssýni	Jarð-vegur	TP1		VG/HJ	Scott tekur til greiningar
6.7.2016	2016-14-13	Mannabein	bein	TP2a		VG/HJ	Samansafn t.d. kjálki, allt úr v-sniði 130 cm, fylling- senda tönn í kolefnisaldursgreiningu?
6.7.2016	2016-14-14	Kistuviður	viður	TP2a	J2	VG/HJ	Var eytt
6.7.2016	2016-14-15	Mannabein	bein	TP2a		VG/HJ	samansafn 170-190 cm dýpi
6.7.2016	2016-14-16	Líkkistuviður	viður	TP2a		VG/HJ	Var eytt
6.7.2016	2016-14-17	Líkkistuviður	viður	TP2a	fylling	VG/HJ	Var eytt
6.7.2016	2016-14-18	Lærleggir (2)	bein	TP2a	J2	VG/HJ	í v-sniði á 180 cm d. Sýni úr öðrum sent í kolefnisaldursgreiningu.
6.7.2016	2016-14-20	Mannabein	bein	TP2a	fylling	VG/HJ	í suðurenda á 190 cm d.
6.7.2016	2016-14-21	Mannabein	bein	TP2a	fylling	VG/HJ	á 190 cm d., líkkistuviður fylgir 2016-14-22
6.7.2016	2016-14-22	Líkkistuviður	viður	TP2a	fylling	VG/HJ	Var eytt

6.7.2016	2016-14-23	Vaðmál	textíll	TP2a	fylling	VG/HJ	mjög finlegur, ofinn ljósbrúnn textíll, fannst undir lærleggjum nr. 18
6.7.2016	2016-14-24	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-25	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-26	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-27	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Samansafn mannabeina úr Gröf 1
6.7.2016	2016-14-28	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-29	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-30	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	Bein úr gröf 1, sameinað 2016-14-27
6.7.2016	2016-14-31	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	undir gröf 1 á ca. 180-190 cm d.
6.7.2016	2016-14-32	Líkkistuviður	viður	TP2b		VG/HJ	Var eytt
6.7.2016	2016-14-33	Mannabein úr barni	bein	TP2b		VG/HJ	á 65-70 cm dýpi
6.7.2016	2016-14-34	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	fullorðinn+barn úr "kistugröf" í N-prófil, samansafn- senda barnsbein í kolefnisaldursgreiningu?
6.7.2016	2016-14-35	Mannabein úr barni	bein	TP2b		VG/HJ	barnsbein úr n-sniði - sameinað 2016-14-34
5.7.2016	2016-14-36	Mannabein	bein	TP2b	J3 (vegg?)	VG/HJ	kom líklega úr sniði á 60 cm
6.7.2016	2016-14-37	Dýrabein	bein	TP2b		VG/HJ	
5.7.2016	2016-14-38	Mannabein	bein	TP2a	J2-fylling	VG/HJ	samansafn af mannabeinum
6.7.2016	2016-14-39	Mannabein	bein	TP2b		VG/HJ	samansafn af mannabeinum sem komu upp m gröfu á ca. 180 cm d.
6.7.2016	2016-14-40	Kol	Viðar-kol	TP2b		VG/HJ	á um 70 cm dýpi
6.7.2016	2016-14-41	Gjóskusýni	gjóska	TP2b		VG/HJ	gul gjóska úr torfi í v-sniði
6.7.2016	2016-14-42	Gjóskusýni	gjóska	TP2b		VG/HJ	in situ gjóska á um 1.20 m dýpi-undir gröf 1

6.7.2016	2016-14-43	Gjóskusýni	gjóska	TP2b		VG/HJ	hvít gjóska úr v-sniði í torfi
6.7.2016	2016-14-44	Tönn	Manns tönn	TP2b		VG/HJ	úr fyllingu s-megin á 70 cm d.
6.7.2016	2016-14-45	Gjóskusýni	gjóska	TP2b		VG/HJ	Svört gjóska úr torfi v-sniði
6.7.2016	2016-14-46	Höfuðkúpa	bein	TP2b		VG/HJ	kom upp m gröfu á ca. 160 cm d. úr samhengi f neðan gröf 1-var m sand á- senda tönn+tannsteinn í kolefnisaldursgr?
6.7.2016	2016-14-47	Vaðmál	textíll	TP3		VG/HJ	fannst í uppmokstri-gæti hafa komið upp 5.7.
4.7.2016	2016-14-48	Múrsteinn (2 brot)	leir	TP3		VG/HJ	fannst ofarlega-gulir
5.7.2016	2016-14-49	Viðargripur	viður	TP3		VG/HJ	kringlóttur m gati í miðju, fannst ofarlega
4.7.2016	2016-14-50	Dýrabein	bein	TP3	J3	VG/HJ	heill leggur
6.7.2016	2016-14-51	Viður?	viður?	TP3		VG/HJ	úr "stoðarholu" (?)
6.7.2016	2016-14-52	Gjóskusýni	gjóska	TP3		VG/HJ	in situ á 180 cm dýpi-f. ofan bein (2016-14-55)
6.7.2016	2016-14-53	Viður	viður	TP3		VG/HJ	úr "stoðarholu" á 205 cm d.
6.7.2016	2016-14-54	Gjóskusýni	gjóska	TP3		VG/HJ	Dökk gjóska in situ í n-hluta
6.7.2016	2016-14-55	Dýra/mannabei n	bein	TP3		VG/HJ	illa farin-undir svartri gjósku á 180 cm d.
6.7.2016	2016-14-56	Líkkistuviður	viður	TP2a		VG/HJ	Var eytt
6.7.2016	2016-14-58	Steinn	steinn	TP2a	J2-fylling	VG/HJ	úr fyllingu með mannabeinum
6.7.2016	2016-14-59	Dýrabein	bein	TP2a	J2-fylling	VG/HJ	úr fyllingu með mannabeinum

2. Jarðlagaskrá

STAÐUR: Þingeyrar

VERKEFNISNÚMER: 2016-14

LEYFISNÚMER: 2015020039

SKURÐUR: K1/3

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Pykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag, grásrótt	20			4.7.2016
T1	J2	Torfveggur	50			4.7.2016
	J3	Móóskuflekkur				4.7.2016
	J4	Sandlag	10			4.7.2016
	J5	Fokmold með slitinni en in situ? 1104 gjóska	10			4.7.2016
T1	J6	Torfblandað	50			4.7.2016
	J7	Óhreyft				4.7.2016

STAÐUR: Þingeyrar

VERKEFNISNÚMER: 2016-14

LEYFISNÚMER: 2015020039

SKURÐUR: K2B/3


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Pykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag	30			5.7.2016
T1	J2	Torfveggur í SV horni	40			5.7.2016
T1	J3	Fylling grafar 1	90	Bein		5.7.2016
	J4	Fylling? Uppfylling veggs?	50			5.7.2016
	J5	Torfblandað í N enda	10			5.7.2016
	J6	Grafarfylling í N sniði	20	Hælbein og barnsbein		5.7.2016
		Óhreyft				5.7.2016
		Óhreyft sandlag				5.7.2016

STAÐUR: Þingeyrar
VERKEFNISNÚMER: 2016-14
LEYFISNÚMER: 2015020039
SKURÐUR: K2/3


Jarðlag	Lýsing	Pykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
J1	Yfirborðslag	2			5.7.2016
J2	Malarlag	20			5.7.2016
J3	Raskaður jarðvegur með koladreif, móaska	20			5.7.2016
J4	Gólfag á ca 40cm dýpi	2			5.7.2016
J5	Dekkra móöskulag	50			5.7.2016
J6	Fitugt dökkt, illa lyktandi lag (er í N-enda að miðju)				5.7.2016
J7	Grá aska	10			6.7.2016
J8	Dekkra lag	30			6.7.2016
J9	Fitugt svart lag (hvít gjóska var in situ undir þessu lagi)	40			6.7.2016
J10	Jökulleir			Stoðarhola nær 13 cm niður í jökulleirinn, viðarleifar voru í holunni	6.7.2016

3. Teikningar


Þingeyrar
T_2016-14-1
Könnunarskurður 1
Vestursnið




Þingeyrar
T_2016-14-2
Könnunarskurður 1
Suðursnið




Þingeyrar
T_2016-14-3
Könnunarskurður 2B
Vestursnið




Þingeyrar
T_2016-14-4
Könnunarskurður 2B
Norðursnið




Þingeyrar
T_2016-14-5
Könnunarskurður 3
Flatarteikning




Þingeyrar
T_2016-14-6
Könnunarskurður 3
Suðursnið




Pingeyrar
T_2016-14-7
Könnunarskurður 3
Vestursnið




Pingeyrar
T_2016-14-8
Könnunarskurður 2B
Flatarteikning



Þingeyrar
T_2016-14-9
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 1



Þingeyrar
T_2016-14-10
Könnunarskurður 2A
Norðursnið



4. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá						
Rannsóknastaður	Þingeyrar					
Leyfisnúmer	20150502-0039					
Safnnúmer	2016-14					
Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_01	4.7.2016	Aftúni Þingeyra yfir Húnnavatn	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_02	4.7.2016	Verið að ákveða stað f skurð	N	Helga Jónsdóttir	Magnús Jósepsson, Steinunn, Vala
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_03	4.7.2016	TP1 tekinn	NV	Helga Jónsdóttir	Stefán, Hermann, Scott, Steinunn
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_04	4.7.2016	TP1 tekinn	NV	Helga Jónsdóttir	Stefán, Hermann, Scott
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_05	4.7.2016	TP1 tekinn	SV	Helga Jónsdóttir	Steinunn, Scott, Hermann
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_VG_06	4.7.2016	TP1 tekinn	SA	Vala Gunnarsdóttir	Hermann, Helga, Scott, Stefán
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_07	4.7.2016	TP1 torf	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_08	4.7.2016	TP1 torf J-2	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_09	4.7.2016	TP1 torf J-2	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_10	4.7.2016	TP1 grafinn áfram	V	Helga Jónsdóttir	Hermann, Scott, Vala, Steinunn, Stefán
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_11	4.7.2016	TP1 grafinn áfram	S	Helga Jónsdóttir	Stefán, Hermann, Scott
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_12	4.7.2016	TP1 grafinn áfram	S	Helga Jónsdóttir	Stefán, Hermann, Scott

20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_13	4.7.2016	TP1 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_14	4.7.2016	TP1 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_15	4.7.2016	TP1 snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_16	4.7.2016	TP1 snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_17	4.7.2016	TP1 snið í norð-vestur	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_18	4.7.2016	TP1 snið í norð-vestur	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_19	4.7.2016	TP1 snið í norð-vestur	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_20	4.7.2016	TP3 opnaður, við bæinn	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_21	4.7.2016	TP3 opnaður, við bæinn	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_22	4.7.2016	TP3 opnaður, við bæinn	NV	Helga Jónsdóttir	gamla hús og heiti pottur í baksýn
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_23	4.7.2016	TP3 opnaður, við bæinn	NV	Helga Jónsdóttir	gamla hús og heiti pottur í baksýn
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_24	4.7.2016	Steinunn		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_25	4.7.2016	TP3 grýttur efst		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_26	4.7.2016	TP3 grýttur efst		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_27	4.7.2016	TP3 grýttur efst		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_28	4.7.2016	TP3 grafinn m gröfu		Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_29	4.7.2016	TP3 grafinn m gröfu		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_30	4.7.2016	TP3 grjót		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_31	4.7.2016	TP3, Vala Gunnarsdóttir		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160704_HJ_32	4.7.2016	Lurkur í S-horni í TP3		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_33	5.7.2016	TP3 v. Gamla hús	V	Helga Jónsdóttir	Scott og Hermann í skurði, Vala og Steinunn
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_34	5.7.2016	TP3 v. Gamla hús	V	Helga Jónsdóttir	Scott og Hermann í skurði, Vala og Steinunn
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_35	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_36	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_37	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_38	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_39	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_40	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_41	5.7.2016	TP3 snið í suður	S	Helga Jónsdóttir	hola neðst eftir lurk
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_42	5.7.2016	TP3 steinar í botni	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_43	5.7.2016	TP3 steinar í botni	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_44	5.7.2016	TP3 snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_45	5.7.2016	TP3 snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_46	5.7.2016	TP3 snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_47	5.7.2016	TP3 með stiga í	SV	Vala Gunnarsdóttir	Gamli bær í baksýn
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_48	5.7.2016	TP3 Helga teiknar snið	SV	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_49	5.7.2016	TP3 Helga teiknar snið	V	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_50	5.7.2016	Lurkur og fleiri spýtur úr TP3		Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_51	5.7.2016	TP3 og minningarmörk	N	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_52	5.7.2016	TP2a	V	Vala Gunnarsdóttir	Scott og Hermann grafa
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_53	5.7.2016	TP2a	N	Vala Gunnarsdóttir	Scott og Hermann grafa
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_VG_54	5.7.2016	TP2a botn		Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_55	5.7.2016	TP2a snið í vestur	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_56	5.7.2016	TP2a botn		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_57	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_58	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_59	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_60	5.7.2016	TP2a skilti		Helga Jónsdóttir	Hermann

20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_61	5.7.2016	TP2a torf í plani		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_62	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_63	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_64	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_65	5.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_66	5.7.2016	Gestir á Þingeyrum	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_67	5.7.2016	Gestir á Þingeyrum	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160705_HJ_68	5.7.2016	Gestir á Þingeyrum	N	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_69	6.7.2016	TP2a		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_70	6.7.2016	TP2b tekinn m gröfu	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_71	6.7.2016	TP2b torf í skurði	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_72	6.7.2016	TP2b torf í skurði	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_73	6.7.2016	TP2b torf í skurði		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_74	6.7.2016	TP2b torf í skurði		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_75	6.7.2016	TP2b Helga grefur	NA	Vala Gunnarsdóttir	Hermann, Helga
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_76	6.7.2016	TP2b Helga grefur	NA	Vala Gunnarsdóttir	Hermann, Helga

20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_77	6.7.2016	TP2b Helga grefur	NA	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_78	6.7.2016	TP2b	NA	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_79	6.7.2016	TP2b gröf 1	NA	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_80	6.7.2016	TP2b gröf 1	NA	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_81	6.7.2016	TP2b gröf 1	NA	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_VG_82	6.7.2016	TP2b gröf 1	AU	Vala Gunnarsdóttir	lærleggir og mjaðmir/spjaldhryggur
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_83	6.7.2016	TP2b gröf 1	V	Helga Jónsdóttir	lærleggir og mjaðmir/spjaldhryggur
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_84	6.7.2016	TP2b gröf 1	N	Helga Jónsdóttir	lærleggir og mjaðmir/spjaldhryggur
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_85	6.7.2016	TP3 plan		Helga Jónsdóttir	"stoðarhola"
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_86	6.7.2016	TP3 plan		Helga Jónsdóttir	"stoðarhola"
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_87	6.7.2016	TP3 plan		Helga Jónsdóttir	"stoðarhola"
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_88	6.7.2016	TP3 plan		Helga Jónsdóttir	"stoðarhola"
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_89	6.7.2016	TP2b gröf 1	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_90	6.7.2016	TP2b gröf 1	N	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_91	6.7.2016	TP3 grafa og gamli bær	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_92	6.7.2016	TP3 grafa og gamli bær	S	Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_93	6.7.2016	Horft yfir Húnavatn	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_94	6.7.2016	TP2a og minningarmörk	AU	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_95	6.7.2016	TP2a og minningarmörk	AU	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_96	6.7.2016	Túnið á Þingeyrum	NA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_97	6.7.2016	TP2b, TP2a og minningarmörk	AU	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_98	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_99	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	AU	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_100	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	NA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_101	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	N	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_102	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum og kirkja	NV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_103	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	V	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_104	6.7.2016	Horft yfir tún Þingeyrum	SV	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_105	6.7.2016	Þingeyrarbæirnir	S	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_106	6.7.2016	Túnið á Þingeyrum	SA	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_107	6.7.2016	Vala grefur TP2b	AU	Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_108	6.7.2016	Vala grefur TP2b	AU	Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_109	6.7.2016	TP2b grafinn lengra m gröfum	AU	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_110	6.7.2016	Fornleifadót	AU	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_111	6.7.2016	TP2b	AU	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_112	6.7.2016	hauskúpa úr TP2b	AU	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_113	6.7.2016	hauskúpa úr TP2b	AU	Vala Gunnarsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_114	6.7.2016	hauskúpa úr TP2b		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_115	6.7.2016	hauskúpa úr TP2b		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_116	6.7.2016	hauskúpa úr TP2b		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_117	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_118	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_119	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_120	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_121	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_122	7.7.2016	Textíll 2016-14-47		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_123	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_124	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_125	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_126	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_127	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	Þingeyrar_20160706_HJ_128	7.7.2016	Textíll 2016-14-23		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-1_20160726_HJ_1	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-2_20160726_HJ_2	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-3_20160726_HJ_3	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-4_20160726_HJ_4	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-5_20160726_HJ_5	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-8_20160726_HJ_6	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-9_20160726_HJ_7	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-10_20160726_HJ_8	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-11_20160726_HJ_9	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-13_20160726_HJ_10	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-14_20160726_HJ_11	26.7.2016	Kistunagli		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-15_20160726_HJ_12	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	2016-14-16_20160726_HJ_13	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-18_20160726_HJ_14	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-20_20160726_HJ_15	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-21_20160726_HJ_16	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-24_20160726_HJ_17	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-26_20160726_HJ_18	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-27_20160726_HJ_19	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-28_20160726_HJ_20	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-29_20160726_HJ_21	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-30_20160726_HJ_22	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-31_20160726_HJ_23	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-33_20160726_HJ_24	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-34_20160726_HJ_25	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-35_20160726_HJ_26	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-36_20160726_HJ_27	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-37_20160726_HJ_28	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	

20150502-0039	2016-14-38_20160726_HJ_29	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-39_20160726_HJ_30	26.7.2016	Mannabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-40_20160726_HJ_31	26.7.2016	Kolaður viður		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-44_20160726_HJ_32	26.7.2016	Tönn		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-46_20160726_HJ_33	26.7.2016	Höfuðkúpa		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-46_20160726_HJ_34	26.7.2016	Höfuðkúpa		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-46_20160726_HJ_35	26.7.2016	Höfuðkúpa		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-46_20160726_HJ_36	26.7.2016	Höfuðkúpa		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-48_20160726_HJ_37	26.7.2016	Múrsteinar		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-50_20160726_HJ_38	26.7.2016	Dýrabein		Helga Jónsdóttir	
20150502-0039	2016-14-55_20160726_HJ_39	26.7.2016	Dýra/mannabein		Helga Jónsdóttir	

5. Kort af miðaldaklastrunum

